



Skógarvörðurinn á Austurlandi



S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 6 0



Sigurður Blöndal

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1960.

I. Inngangur.

1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn hér, Páll Guttormsson, skrifar eftirfarandi athugasemdir um veðráttuna á Hallormsstað árið 1960:

Jörðin var alveg bíð í lok ársins 1959. Hin mesta veðurblíða var í janúar og fram eftir febrúarmánuði. Vindhraðinn fór ekki yfir 5 vindstig í janúar og var iðulega alveg logn.

Hinn 8. febrúar varð hitinn 13 stig og hefir ekki orðið svo hlýtt hér í febrúarmánuði, síðan byrjað var að mæla. Frá 10. febrúar til 5. mars var frostkafli með vægu frosti. Kom þá dálítill klaki í jörð á meðan autt var, frá 9.-19. febrúar.

Vont norðaustanveður var 3. mars og var dýpstur snjór á jörðu hinn 3. mars, 43 cm. Eftir það var mánuðurinn hlýr og marga daga hátt hitastig. Áf 40 cm þykku frostlagi, sem komið var í jörð, voru orðnir bíðir 15 cm í lok mánaðarins.

Hlýindin héldu áfram strax frá byrjun apríl, voru þá einnig sjaldan næturfrost, eins og í marz. Var hámarkshitinn 12,4 stig hinn 16. og 12,6 stig hinn 17. Í lok aprílmánaðar var frost að mestu farið úr jörðu. Vorgróður byrjaði að láta á sér bæra hinn 10. apríl. Hinn 20. apríl fannst útsprungin brennisóley í gróðrarstöðinni.

Það kólnaði í veðri 29. apríl og var norðankaldi með 3-4 stiga f frosti um kvöldið hinn 29. og aðfaranótt 30. Að kvöldi 30. sá sums staðar svolítið á gróðri.

Hinn 5. maíhlýnaði aftur og var dálítill rigning á hverjum degi frá 5.-11. maí. Það var sérstaklega hlýtt á hverjum degi að kalla, út mánuðinn, að undanteknum dálítio hvössum norðaustanvindi dagana 21. og 22. Gróður kom því eins fljótt og vel og bezt getur orðið.

Í júní kom af og til suddi og dálítill rigning, eins og í maí, og mjög mikil hlýindi. Sprettan var því ágæt. Um 20. júní voru tré almennt byrjuð að vaxa og grastegundir búnar að mynda öx.

Hinn 4. júlí kólnaði og var köld tíð (að undanteknum dögunum 20.-22. júlí og 1.-3. ágúst) til 25. ágúst. Þann tíma allan var einnig mjög lítið sólskin. Síðustu dagana í ágúst eða frá og með 26. var mjög hlýtt. Þá náðu ber fullum broska. Góða tíðin hélt allan septembermánuð. Undirbjuggu því allar jurtir sig vel fyrir veturn.

Þótt nokkurt frost væri af og til í október, fraus jörð ekki mikið, af því að hún var þá orðin ákaflega vatnslítil, vegna lítillar úrkому frá því í júlí. Ræktuð jörð hélt því víða alveg græn í október. Í nóvember var nærri alltaf bíðviðri og rigndi flesta daga mánaðarins.

Dagana 10.-15. desember var mjög hlýtt og jörð alveg bíð. Opnuðust í þeim hlýindum blóm á viðju og þingvíði. Övenju langvarandi krapahríðarveður var hér aðfaranótt 27. des. og hinn 26. Vegna þess, hve mjög snjórinn var blautur hér, varð hann að mestu að vatni, er hann féll.

A árinu komu 6 dagar með 20 stiga hámarkshita og yfir, hinn 12. maí, 19.-22. júní og 24. júní. Mestur hiti varð 20. júní, 23,7 stig.

Síðasta vorfrost mældist í mælaskýli hinn 15. júní -1,1 stig, við jörð -2,0 stig. Hafði þá ekki komið næturfrost, síðan næturnar 23. og 24. maí, sem þó var ekki mikið.

Fyrsta haustfrost við jörð kom hinn 14. september, -0,9 stig, en fyrsta frost í mælaskýli kom hinn 20. sept., -0,6 stig, og varð þá nótt -1,9 stig við jörð. En fyrsta teljandi haustfrostið kom hinn 25. sept., -2,3 stig í mælaskýli og -5,2 stig við jörð. Síðan kom ekki meira frost í september.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1960.

| Mán- uður | Hitastig °C | | Úrkoma mm | | Sólskins- stundir | Fjöldi vaxtar- |
|----------------|---------------|---------------------------|--------------|---------------------------|----------------------|-------------------|
| | Meðal- tal | Vik frá meðal- lagi | Sam- tals | Vik frá meðal- lagi | | |
| Jan. | -0,3 | +1,1 | 51,1 | -64,9 | - | |
| Febr. | -2,3 | -0,9 | 41,5 | -29,6 | 19,2 | |
| Marz | 2,3 | +2,1 | 52,5 | +9,2 | 80,3 | |
| Apríl | 3,7 | +2,3 | 28,9 | -8,6 | 150,7 | |
| Mai | 7,8 | +2,1 | 21,4 | -1,0 | 189,2 | |
| Júní | 10,2 | +1,3 | 20,3 | -4,3 | 174,3 | 63,55 |
| Júlí | 10,1 | -1,1 | 84,2 | +46,7 | 74,9 | 53,45 |
| Ágúst | 9,4 | -0,6 | 9,3 | -33,3 | 126,3 | 55,32 |
| Sept. | 8,4 | +0,7 | 14,4 | -38,8 | 137,3 | |
| Okt. | 3,2 | -1,1 | 9,2 | -52,4 | 58,1 | |
| Nóv. | 2,8 | +0,9 | 136,2 | +53,9 | 5,8 | |
| Des. | -0,1 | +0,3 | 148,7 | +54,7 | - | |
| Arið | 4,4 | +0,5 | 617,7 | -68,4 | 1.016,10 | 172,32 |
| Júní- Sept. | 9,5 | +0,1 | | | | |

Meðaltalið, sem vik er reiknað frá, nær yfir árin 1941-1959, að báðum meðtöldum.

I maílok voru tekin niður mælaskýlin, sem reist voru uppi í Hádegisfjalli á vegum Þáls Bergþórssonar og Hauks Ragnarssonar 1959. Voru bau nú flutt norður yfir Fljót og sett upp í Geitagerði hér beint á móti. Var í sumar gerð þar sams konar athugun á hitafalli uppeftir hlíðinni eins og hér var gerð í fyrra. Þá var settur upp úrkumumælir í Geitagerði og nokkrir í hlíðinni hér fyrir ofan, eða á sömu staði og sumar veðurstöðvarnar voru á í fyrra.

2. Vöxtur og brif trjágróðursins.

Birkiskógurinn var alllaufgaður hinn 18. maí, eða þremur dögum fyrr en áður hefir verið skrað. Lauffall byrjaði um lo dögum fyrr en oft áður. Féllu fyrstu laufin 16. sept. og mjög mikið daginn eftir, en þá var hvasst. Hinn 20. sept. var um helmingur fallinn af laufi. Hitt hékk svo á að nokkru fram í fyrstu viku október.

Engar mælingar hefi ekki gert á árssprotalengd að bessu sinni, en greinilega eru lerkisprotar styttri en í fyrra, einkum á yngri trjám, svipaðir á greni, en heldur lengri á furu. Vorblíðan marð of skammvinn til þess að nokkur frábær vöxtur yrði á lerkinu.

Vonir standa til, að við höfum alveg sloppið við frostskemdir á toppum að bessu sinni í græðireitnum.

Birkiryðsveppur var miklu minni nú en í fyrra, en þá var hann með mesta móti, einkum í Eyjólfsstaðaskógi, sem var orðinn alveg brúnn seint í ágúst. Hins vegar var nú geysimikil lús á birki, sem varla hefir sézt hér í mörg herrans ár. Birkimaðkur var fremur vægur að bessu sinni.

Fræ á birki var mjög lítið. Samt var tím tím eins og fært þótti að kosta til í haust, og vög fræið nú um áramótin 20 kg, allvel burrt. Við fengum sent fræ frá Jóni Rögnvaldssyni á Akureyri, 4 kg af Bæjarstaðafraei úr Lystigarðinum á Akureyri.

Að broddfururu var nú ákaflega mikið af könglum, líklega ekki minna en 1958. Þetta fræ er ópreskt enn.

3. Starfsmenn og verkafólk.

Tafla II sýnir fjölda fólks í vinnum, eins og það varð flest í hverjum mánuði. Þó nær þessi tafla ekki yfir iðnaðarmenn, sem unnu við skógarvarðarbústaðinn á árinu. Þá er sleppt úr töflunni dálkinum yfir fasta starfsmenn, þar eð aðeins um einn slíkan er að ræða, eins og undanfarin ár.

Tafla II. Verkafólk á Hallormsstað 1960.

| Mánuður | Fjöldi | Vinnustundir | Kaup kr. |
|-----------|--------|--------------|------------|
| Janúar | 4 | 559 | 12.493,50 |
| Febrúar | 4 | 652 | 14.781,95 |
| Marz | 4 | 708 | 15.556,37 |
| Apríl | 5 | 693 | 15.301,43 |
| Maí | 22 | 4.081 | 71.959,65 |
| Júní | 31 | 5.794 | 110.910,46 |
| Júlí | 27 | 4.014 | 85.501,67 |
| Ágúst | 22 | 3.996 | 91.397,53 |
| September | 17 | 2.990 | 59.335,27 |
| Október | 8 | 1.041 | 21.713,92 |
| Nóvember | 4 | 706 | 16.349,02 |
| Desember | 5 | 572 | 12.790,76 |
| Alls | | 25.806 | 528.091,53 |

Í vinnustundafjöldanum er ekki með tími, unninn í ákvæðisvinnu, en greiðslur fyrir ákvæðisvinnu eru með í upphæðum yfir kaupgreiðslur.

Af þeiri kaupupphæð, sem taflan sýnir, var fólk, búsettu í Vallahreppi, greiddar tæpl. 417.000 kr. Að viðbættu kaupi verkstjóra, eru

launagreiðslur okkar í bennan eina hrepp tæplega 473.000 kr., eða 140.000 kr. hærri en í fyrra.

II. Girðing af ramkvæmdir.

1. Viðhald.

Ekki var varið á árinu nema tæplega 4.200 kr. til venjulegs girðinga-viðhalds. Er smölnum í skóginum innifalin í þessari upphæð, enn fremur andvirði staura, sem bæta burfti í hér og bar í gömlu girðinguna.

Óhjákvæmilegt reyndist að hressa uppá gamla hliðið við Sólheimi. Voru settir þar öflugir hliðstólpars úr tré og hliðið breikkað ~~talsvert~~, svo að ekki sé hætta á, að hiðið verði riðið niður af jarðytum eða öðrum fyrirferðarmíklum vélum. - En strax og skárti vegur kemur inn ~~ásana~~, verður að gera barna pípuhlíð. Meðan svo verður ekki, reynum við að notast við þetta gamla.

2. Hafursárgirðing.

Lokið var nú við að strengja Hafursárgirðinguna og negla hana upp. Og Borað var fyrir staurum við sjálfa Hafursána á spottanum milli skógar-girðingainnar og túngirðingar á Hafursá. Er þá eftir að setja upp pennan spotta og gera hlið á girðinguna.

Þetta varð heldur dýra en ég hafði áætlað, eða 4.200 kr. Olli því einkum borverkið við Hafursárgilið.

3. Jórvíkurgirðing.

Upp úr miðjum júlí hófst vinna við Jórvíkurgirðingu í Breiðdal. Við lágum þar við í hinu yfirgefna húsi Sigríðar Pórðardóttur, Lindarbakka. Gátu 6 karlmenn hafzt þar við með brengslum, auk matselju. En í húsinu er hlýtt, og fer að mörgu leyti sæmilega um mannskapinn.

Hannes Pórðarson var staddur í Jórvík um þessar mundir, og í samráði við hann var girðingunni endanlega valinn staður að ofan og ~~innanverðum~~ utah. En að neðanverðu - meðfram væntanlegum þjóðvegi - var ekki fullráðið um stæði, þar eð vegarstæði hafði verið ákveðið nokkurn vegiðnpar, sem við hefðum viljað hafa girðinguna. En verkfræðingur vegagerðarinnar kvaðst fús að hliðra nokkuð til fyrir okkur.

Í samráði við Hannes ákváðum við ekki girðingarstæði að innanverðu - næst bænum - í þetta sinn, þar sem miklar líkur eru til, að þau systkinin muni afhenda meira land en ákveðið var í gjafabréfinu frá 1958. Myndi það þá verða allt landið ofan hins nýja þjóðvegar, inn undir landamerki Höskuldsstaða og svo langt uppeftir sem henta bykir, með tilliti til girðingarstæðis.

Aformáð var að ganga frá 30 hornstaurum og ýta undir girðinguna, þar sem þess byrfti með. En þetta breyttist þannig, að sett voru upp 24 horn og 30 stálstaurar í línum, þar sem bora burfti í berg. En eftir er að bora niður mikinn fjölda stálstaura í viðbót, og verður að gera það jafnóðum og aðrir staurar verða settir niður. Átlunin var lengi vel að láta ýta undir girðinguna, en hætt var við það, þar sem kostnaður var orðinn svo mikill við staurana.

Kostnaður við þessa Jórvíkurútgerð varð tæplega 28.000 kr.

4. Hádegisfjall.

Hafizt var handa um að gera nýja girðingu í Hádegisfjallinu á

Hallormsstað. Er hinn nýi spotti 1.100 m langur og nær mest af leiðinni milli Staðarár og Kerlingarár. Þarna var gamla girðingin verst farin, enda hvergi verra girðingarstæði í allri girðingunni, sakir mikils hliðhalla og ótal lækja og skorninga.

Gerður var með jarðytunni stallur undir alla girðinguna og þurfti víða að fára til mjög mikið af jarðvegi til þess að fylla í hvilftir og lækjarskorninga. Þetta varð miklu meira verk en okkur grunaði. Vann jarðytan alls í 159 klst. (incl. efnisflutningar) við þetta. Jafnframt þurfti að gera mjög margar rennur í læki og fóru til þess 18 stáltunnur. Reynslan í nóvemberrigningunum sýndi þó, að fleiri rennur hefði þurft að gera. Var af framangreindum sökum undirbyggingin langmesta verkið þarna. Það þurfti ekki nema 6 hornstaura.

Því miður vannst ekki tími til þess að ljúka þessu verki alveg. Eftir er að strengja net og efri gaddavírsbræði. Það verk verður að vinna í veturn (ef veður og fári leyfa) eða í síðasta lagi snemma í vor. En allir staðar eru komnir í jörð og allt efni á línuna.

Kostnaður (að frádregnu neti og gaddavír) varð 39.300 kr. Þar af er ýtuvinna 15.900 kr.

5. Eiðagirðing.

I ágústlok var farið í Eiða til að vinna að áframhaldi girðingarinnar þar, þar eðalger vandræði voru með vörzluna þar. Brýnasta verk-efnið var að endurnýja gaflana að utan og innan.

Lokið var nú alveg við framgaflinn frá Fljótsbakka og upp að þjóðvegi, en þar voru 1.400 m girtir 1958. Var nú bætt við rúmlega 1.300 m og girt í öruggan stað við Fljótið. Er nú komin þarna 2,7 km 1. flokks girðing.

Þá var girtur upp rúmlega 300 m langur spotti úr Eiðavatni niður að Fljóti utan við rafstöð skólans og girðingin leidd að Fljótinu á betri stað en áður var. Alls var þannig girt í ár á 1.630 m.

Talað var um í upphafi, að vinna girðingamanna mætti nema um 15.000 kr., en ~~XXX~~ til þess að ljúka verkinu fóru 19.000 kr. til girðingamanna. Auk þess kom svo vinna jarðytu, 5.700 kr., flutningar og efni. - Þess skal getið, að auk þess sem ýtan var látin jafna undir téða girðingarspotta, þar sem þess var þörf, léttum við hana jafna úr skurðruðningi í mýrinni vestan skólans, þar sem skólabúið mun setja upp girðingu, sem skilur túnið frá skógargirðingunni.

Allur kostnaður (að frádregnu neti) varð rúmar 32.000 kr.

Fyrir allri þessari girðingavinnu stóðu þeir Baldur og Bragi Jónsynir og unnu verkin af sinni frábæru vandvirkni.

Etlunin hafði verið að vinna nokkuð að endurnýjun ^{Markargirðingar-}innar, en enginn tími varð til þess. Var aðeins tjslað í það, sem algerlega óhjákvæmilegt var að lagfæra. Sömu leið fósum gamla skógarhliðið við Hafursá, sem við höfum ætlað okkur að dubba upp öll ár síðan 1955. Maður varð að hafa stöðuþa skapraun af að aka yfir þetta gamla ræksni, sem er fyrir löngu orðið Stofnuninni til fullkomins vanza.

III. Skógarhöggi.

A þessu ári var meira höggvið hér í skóginum en um langt skeið, eins og skógarhögstaflan ber með sér. Raunverulega er höggið sjálfsagt ein 120 tonn, því að mikið liggr inni í skógi af eldiviði, sem ekki hefir unnist tími til að aka heim. Ennfremur kemur það ekki fram í töflunni,

að allmikið er óefnað niður af lerki, sem höggvið var í desember á Atla-víkurstekk. Ær bað ekki undir 2-3 tonnum.

Höggið hófst 6. janúar og var haldið áfram stanzlaust (að undanskildum lo dögum um mánaðamótin febr./marz) fram í maí. Í sumar var svo við og við skotizt í að efna niður og aka heim því, sem lá úti í skógi, og gekk bað ~~fimmai~~ í nóvember.

Megnið af tímanum fór í að höggva ~~XX~~ ofan af gróðursetningum síðasta áfatsugs. Var ýmist grisjað um helming eða alveg fellt ofan af megninu af gróðursetningum fram að árinu 1958. Helztu svæðin, sen eftir eru, er rauðgreni í Lýsishól og skógarfurða við Jökulllæk.

Fullyrða má, að víða var komið með öxina á tólfstu stundu. Sé ég bezt nú, að við höfum firleitt látið skerm standa yfir lerkinu 2-3 árum of lengi ógrisjaðan.

Eins og sagt er á öðrum stað, uggðum við ekki að okkur fyrr en um seinan með grisjun fyrir gróðursetningu sumarsins 1960. Til þess voru valin svæði í Stórhól, Stómaskógi og Mylluhvammi. Við hefðum burft að grisja 2-3 ha stærra svæði til þess að geta gróðursett eins mikið og aetlað var.

Þá er þess að geta, að í ágústmánuði ofanverðum hjuggum við fyrir háspennulínu gegnum skógin fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, og verða þau göng breikkuð um helming nú í janúar, áður en straum verður hleypt á.

Eins og taflan ber með sér, var sala viðarafurða nú rétt helmingi meiri en í fyrra, eða tæplega 48.800 kr. Að viðbættum jólatrjám og -greinum (kr. 2.500), staurum í eigin girðingar og staurum og kurli, sem sent var til Reyjkavíkur í sumar ~~XXXXXX~~ (kr. 12.250), að viðbættu högginu fyrir Rarik (kr. 6.350), eru skógarhöggsreikningi færðar til tekna um 70.000 kr. Útgjöldin urðu hins vegar um 107.600 kr. Þegar þess er gætt, að okkur voru aetlaðar 25.000 kr. til grisjunar, verður útkoman betri en ég var farinn að óttast um tíma í haust.

Það á auðvitað sinn þátt í því, að útkoman er ekki verri en betta, að mikið var fellt af lerki á árinu. Því miður hefi ég ekki í höndunum, hve mörg tré bað voru. En ég hefi nú rækilega orðið þess áskynja, að á undanförnum árum hefi ég grisjað lerkið of vægilega.

I sambandi við skógarhöggið bykir mér rétt að leggja á það áherzlu, að mjög miklu málí skiptir, að takist að útvega verulega góða kjarrsög til þess að fella smáka, þar sem grisjað er fyrir gróðursetningu. Eg fullyrði, að víða fer lengri tími í að fella smákann á undan heldur en að fella hinn eiginlega skóg. - HOFFCO-kjarrsögin hefir ekki orðið okkur að neinu gagni í þessu efni, því að hún er alltof kraftlítill.

IV. Græðireitur.

1. Almennt um fjárfestingu í græðireitnum.

Vélar og taki. Keypt var öryggishús á FERGUSON-traktorinn. Því miður höfum við ekki haft mikla gleði af því enn sem komið er, þar eð ekki er hægt að hafa húsið á, þegar HORN-DRAULIC-moksturstækið er á traktornum. Svo illa vill til, að þessi gerð af moksturstæki er sú eina, sem svona er farið um. En moksturstækið þarf svo oft að nota, að ófært er að purfa að taka húsið af í hvert sinn sem á að moka með traktornum. Virðist nú ekki annað tiltækt en selja þetta moksturstæki (enda eru til aðrar gerðir léttari og betri) og annað hvort kaupa aðra gerð, sem hægt er að hafa á með öryggishúsini, eða þá finna aðra lausn á mokstursvanda-málinu, en hugsanlegt er, að hún liggi nærri, þótt ekki sluli rædd hér.

Þá voru keyptar breiðari framfelgur á traktorinn og hjólbardar í samræmi við það. Er betta til stórra bóta, einkum við mokstur. Ennfremur léttum við smíða á traktorinn sterkara vagnbeizli, þar eð hið gamla brotn-

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1960.

Bls. 7.

| | B 1 r k i | | | | L e r k i | | | | Krónur |
|------------------|-------------|--------------|-------------|----------------------------|----------------|-------------|--------------|-------------|----------------------------|
| | BII stk. | BIII stk. | BIV stk. | Styttrur Eldiv. tonn | Efniv. tonn | BII stk. | BIII stk. | BIV stk. | Styttrur Eldiv. tonn |
| Sala 1960 | 3.359 | 1.440 | 550 | 775 | 16,06 | 2,63 | 44.593,75 | 234 | 15 |
| S.r. Hallormsst. | 159 | - | - | 765 | 32,00 | - | 4.230,00 | 78 | - |
| S.r. Reykjavík | - | - | - | 1.000 | 3,00 | - | 5.350,00 | - | - |
| Jarðir einst. | 180 | - | - | - | - | - | 1.260,00 | - | - |
| Rýrnun b. '59 | - | - | 320 | - | - | - | 1.360,00 | - | - |
| Birgðir | 100 | 488 | 1290 | 2.115 | - | 4,00 | 25.224,25 | 106 | 246 |
| Alls | 3.789 | 1.928 | 2160 | 4.655 | 51,06 | 6,63 | 82.018,00 | 418 | 261 |
| * birgðir 159 | 620 | 390 | 740 | 2.100 | - | - | 16.991,25 | 50 | 62 |
| Högg 1960 | 3.169 | 1.538 | 1420 | 2.555 | 51,06 | 6,63 | 65.026,75 | 368 | 199 |
| Tonn | 21,2 | 6,0 | 4,7 | 5,1 | 51,10 | 6,60 | 94,70 | 2,5 | 0,8 |
| | | | | | | | | | 0,4 |
| | | | | | | | | | 0,6 |
| | | | | | | | | | 4,30 |

Högg 1960 alls 99,0 tonn. Staurar alls (lerki og birki) 6.825. Styttrur alls (lerki og birki) 2.843.

Verðmæti alls (að fádrégninni heimanókkun eldiviðar) kr. 76.389,75.

aði í vor. Þessu olli hið bunga andvægi, sem við notum, þegar verið er að moka með traktornum. Beizlið var ekki gert fyrir þess háttar átak. Aðrar fréttir er ekki að segja af vélakaupum á árinu.

Lagfæringar á gamla græðireitnum. Lokið var nú við síðustu lagfæringu á Efstareitnum. Fremri og neðri hluti hans var jafnaður, svo að nú hefir hann fengið á sig lögum til frambúðar. Í þessi svæði var ekið 22 bílhlössum af sandi og 16 vagnhlössum og 6 bílhlössum af móbold. Þetta varð ~~lykt~~ dýrara en ég áætlaði, þar eð sækja þurfti móinn í Ormsstaði, og í miðjum klíðum bilaði vagnbeizlið á traktornum, svo að við urðum að aka nokkru af mónum og öllum sandinum á bíl. Ýtuvinnan var hins vegar rétt áætluð.

Par eð betta verk hljóp fram í kostnaði, varð alveg að skrínleggja áætlunar um lagfæringar á vegum í græðireitnum. Bíður það ársins 1961.

Nýrækt. Því miður tókst ekki að ljúka alveg nýræktinni, sem hafin var í fyrrahaust. Stafaði það af því m. a., hve lengi við höfðum jarðýtuna í útláni. En gengið var frá 80 m löngum holræsum, hreinsað megnið af rótum, gengið frá brú yfir skurðinn utan við svæðið, alveg lokið við að jafna það, plægja, herfa og tæta einu sinni og markað var fyrir veginn við svæðið.

Kostnaður:

| | |
|--------------------------------------|-----------|
| Holræsi | kr. 5.355 |
| Vinna jarðytu, 66 klst. | " 6.600 |
| Önnur vinna, einkum við rætur og brú | " 2.700 |

Alls kr. 14.655

Pá er eftir að aka í svæðið talsverðu af móbold og 95 vagnhlössum - eða 65 bílhlössum - af sandi. Hvort hægt verður að aka þessum sandi á ~~traktor~~num fer eftir því, hvort gamla sandnáman utan við Hallormsstað endist. Ef svo fer ekki, verður annað hvort að sækja sandinn í Gunnlaugsstaði eða inn í Buðlängavelli. - Einhver vinna mun fara í að tína smárætur. En alvarlegra er það, að í nóvemberrigningunum í haust kom skýrt í ljós, að þessi 2 holræsi, sem gerð voru á s. l. sumri, eru alls endis ónog. Ég sé ekki betur eða bæta verði við 4 ræsum, eða alls 160 m á lengd. Kostnaður við það yrði samt hverfandi lítil hjá því að missa kannski tugþúsundir plantna upp í holklaka á einum vetri. Af því fyrirþári hefir Stofnunin áreiðanlega fengið sig fullsadda. ~~Stofnun á Hallormsstaði~~

Sandakstur o. fl. Auk þess sem að framan er talið, var ekið í reitinn 20 vagnhlössum af sandi, ýmist sem yfirbreiðsla á sáningar eða til bakningar fyrir veturinn.

I alla bletti, sem lágu í tröð, var í júlímaðuði sáð höfrum. Voru þeir síðan plægðir niður grænir seinast í september.

Öll þau verk, sem hér eru talin í reitnum, auk venjulegrar jarðvinnslu fyrir sáningu og dreifsetningu, voru færð á jarðvinnslureikning. Nam allur kostnaður við þau 35.000 kr., en 36.000 voru áætlaðar.

Jarðhús. I nóvember var hafizt handa um gerð jarðhúss fyrir uppteknar plöntur. Var það staðsett í Neðstareit í nánd við þökkunarplássið. Við uppröft kom í ljós, að ekki var unnt að láta það ganga inn í barð eins langt og við vonuðumst til. Verður því meiri hluti þess að standa frammi í reitnum. Mikill vatnsagi kom fram í grunninum og varð að gera alllangt holræsi frá því og grafa upp gamlan skurð, sem það er leitt í, ofan við þökkunarplássið. Allt varð þetta til tafar, svo að ekki tókst að ljúka að grafa fyrir grunninum fyrir jól. Verður það gert strax og ~~vænt~~ aðstæður leyfa og húsið svo reist fyrir vorið. I veggi þess er fyrirhugað að aka móbold snemma í vor, svo að það verði tiltækt, þegar plöntuupptaka hefst.

Kostnaður við þessar byrjunarframkvæmdir varð 4.000 kr.

2. Áburður.

A töflueyðublaðinu sást notkun áburðar. Er hún svipuð og árið áður, nema hvað nú voru tekin 3 bíhlöss af sauðataði, sem notuð voru í garðplöntusvæði.

Kostnaður á áburðarreikningi er færður 9.000 kr., en þar af eru 1.800 kr. greiðsla á gamalli skuld fyrir sauðatað.

3. Sáning.

Eins og sáningartafan ber með sér, var sáð í heldur stærri flöt en í fyrra - eða 880 m². Kostnaður varð nú aftur skaplegur - eða 7.600 kr., sem gerir 8,65 kr./m².

Enn var sáð of seint og af sömu ástæðum og undanfarin ár: þrengslum í græðireitnum. Mestu var sáð um miðjan júní. Spírun var yfirleitt góð, nema á blágreninu frá Lake Louise, það spíraði illa. Og í hluta af síkkagreninu gerði rótarbruni dálítinn usla. Var það í beði, sem bakið var með mold yfir fræið. En í öllum hinum beðunum var einvörðungu bakið með sandi.

Því miður höfum við ekki verið alls kostar heppnir með svæði undir sáninguna að þessu sinni. Það reynist of rakt á köflum, og ef tíðarfari seinna í veturnar verður mjög óhagstætt, getur eithvæð af plöntunum farizt í holklaka. En í skaplegu tíðarfari er engin hætta á ferðum. Umrætt svæði var ræst fram 1957, og sé ég nú, að við höfum skorið skurð- afjöldann of við nøgl. Það er eins og manni ætli aldrei að lærast þau sannindi, að skurðabil verður að vera alveg ótrúlega þétt, þar sem nokkur minnsta hætta er á raka, ef spildurnar eiga að vera öruggar fyrir holklaka. Í Miðreitnum, sem líka var ræstur fram 1957, hefir reynslan orðið ágæt. Þar var ræsabil haft 8-lo m, eða í samræmi við það, sem reynsla í landbúnaði hefir sýnt, að er nægilega þétt.

4. Dreifsetning.

Alls voru afgreiddar 564.400 dreifsetningarplöntur úr græðireitnum, auk garðplantna og græðlinga. Er það liðlega 75.000 færra en áætlað var. Munar þar mestu, að miklu minna fór út úr stöðinni af 2/o birki og fjallaböll en reiknað var með, enn fremur var kastað 3/o broddgreninu og minna kom út úr sitkagreninu, sem sent var til Tumastaða en við bjuggumst við.

Þá voru dreifsettar 12.100 garðplöntur og græðlingar.

Allur kostnaður varð 43.400 kr. Jafnað á 344.500 plöntur (garðpl. og græðlingar incl.), verður það 12,6 aurar á plöntu til jafnaðar. En auðvitað er fásinna að leggja garðpl. og græðlinga til jafns við smáplöntur. Framvegis mun ég láta halda kostnaði við slíkt alveg sér. Með því að áætla hann helmingi hærri á garðpl. og græðl., verður kostnaður við aðra dreifsetningu 12,0 aurar á plöntu, eða líkt og árið áður. Ég bjóst við, að þessi kostnaður yrði nú lægri, en sú von brást. En það munar auðvitað nokkuð, að nú voru allar dreifsetningarplöntur rótarskornar, en slíkt hefir ekki verið gert áður, nema við sumardreifsetninguna 1959.

Petta er rúmlega 30.000 plöntum meiri dreifsetning en áætlað var, og stafar það hreinlega af því, að ella hefði orðið að kasta ýmsum verðmætum plöntum.

Ekki verður annað séð en dreifsetningin hafi heppnatz vel og vanhöld verði sáralítil.

Plöntur til dreifsetningar eru nú fleiri en nokkru sinni fyrr. Erum við þar að uppskera ágætan árangur af sániningunum 1958 og 1959. Yfirleitt eru þessar plöntur af góðri stærð.

5. Afhentar plöntur.

Taflan yfir afhentar plöntur sýnir, að úr stöðinni fór 69.000 plöntum færra en talið var til sölu í fyrra. Stafar það mestmeginis af því, að ekki var markaður fyrir nærrí allar plönturnar. Þannig var t. d. um 30.000 broddgreni, sem hefði verið hægt að fá hænda fleira. Ennfremur um 10.000 sitkagreni. Elzta rauðgreninu varð að kasta af sömu sökum og líka skógarfurunni. En birkið reyndist minna en ætlað var, þar sem svo miklar toppskemmdir voru í því af völdum ryðsvepps árið 1959. Að öðru leyti kom til skila það, sem talið var fram.

Kostnaður við plöntusöluna rauk hins vegar upp úr öllu valdi. Alls er hann bókfærður rúmar 64.000 kr. En þá ber að draga frá umbúðir og flutning, sem kaupendur hafa greitt - kr. 8.500 - og kostnað við að senda frá sér dreifsetningarplöntur til annarra stöðva, sem mér virðist hafa orðið rúmar 6.000 kr. - eða 2,7 auðrar á plöntu. En samt virðist mér vinnu kostnaður á plöntu hafa orðið 24 auðrar á plöntu, sem er hvorki meira né minna en 6 aurum hærra en árið áður. Mér virðast tvær ástæður helzt skýra þessa miklu hækkun:

1. Greniplöntur voru nú stærri en nokkru sinni fyrr, svo að við höfum aldrei komið jafhfáum í pakka og í ár. Íðulega komust ekki nema 250 stk. í 30-35 kg pakka. Er betta um helmingi færra en fyrir einum bremur árum. Við þökkun tefur betta að sjálfsögðu geysilega fyrir, en þó órannsakæð hve mikið.

2. Nú voru plönturnar rótarstífðar. Það kostaði að hafa alveg einn mann aukalega við þökkunina, þegar stór partí voru afgreidd og t. d. 4 menn voru við að leggja í og binda.

Auk þess vildi nú svo til, að þegar stærsta plöntupartíð var afgreitt, stóð þannig á skipsferð, að plönturnar urðu að komast í skip á mánudagsnótt. Við burftum því að pakka þessu svotil öllu í helgidagavinnu (100% álag). Æg hefi athugað til gamans - eða hrellingar, ef maður vill heldur - að á þessu eina partíi munaði betta nákvæmlega 3.000 kr. frá því sem verið hefði, ef unnið hefði verið í dagvinnu. Hitt er svo annað mál, að þegar þarf að afgreiða stór partí, t. d. einn bílfarm, verður tæplega komið hjá að vinna það að einhverju leyti í yfirvinnu. Og meðan maður ræður ekki sjálfur yfir ferðum, getur auðvitað alltaf komið fyrir tilvik eins og betta ofangreinda. - Hins vegar var ekki því til að dreifa í áf að vinnuafköst væru lélegri en árin á undan, því að betta var mest sama fólk, sem er orðið þaulvant þökkun. Auk þess er það staðreynd, að í svona skorpum er alltaf unnið langbezt.

Söluplöntur 1961 eru nú fleiri og jafnbetri en nokkru sinni áður. Sérstaklega er ánægjulegt, hve vanhöld eru lítil frá dreifsetningu. Grenið skilar sér með 75-95% frá dreifsetningu. Tvennt held ég stuðli að þessum gðða árangri:

1. Pessar plöntur voru flestar dreifsettar fyrsta vorið sem við höfðum full not vökvunarkerfisins. Þær voru flestar dreifsettar í júní-mánuði 1958, þegar úrkoma var hin minnsta, sem mælzt hefir hér í þeim mánuði (7,8 mm) og sólskin ákaflega mikið (228 klst.).

2. Mjög vel var vandað til gerðar reitsins, hann virðist algerlega nægilega framræstur, svo að holklakahætta er engin að kalla. Þetta getur maður mjög vel séð við smanburð við Miðreitinn, áður en hann var ræstur rakilega fram 1957.

Auk þess má máttúrlega ekki gleyma þriðja atriðinu: að af fyllstu

nærgætni sé farið með dreifsetningarplönturnar bæði í upptöku og eftir. Þar skiptir trúlega höfuðmáli að bleyta rækilega beðin með dreifplöntum, áður en þær eru teknaðar upp.

6. Nokkur orð um vökvun og hreinsun.

Nú burfti minna að vökva en undanfarin ár. Olli þar mestu, hve vel rigndi í júlí.

Sú gleðilega útkoma varð á arínunum, að hreinsun varð miklu ódýrarí en áætlað hafði verið. Munaði þar 12.000 kr. Vonandi er þetta fyrirboði þess, að okkur fari að vegna betur en áður í baráttunni við illgresið.

Sama magn var notað af White Spirit og árið áður, 1.000 l. Nú var í fyrsta sinn úðað hér með White Spirit yfir barrtrjáfræði, rétt áður en plönturnar köstuðu fræhettunni. Árangur varð frábær, svo að miklu minna burfti nú að reyta í fræbeðum eb nokkurn tíma áður.

En merkast má eflaust telja, að nú var reynt eðingarlyfið Zimasin. Í eftirfarandi orðum skýrir Páll Guttormsson frá reynslu sinni af nokkun lyfsins á sumrinu:

Hinn 12. júlí var úðuð dreifsetning frá í vor. Hún var dreifsett í júnímánuði. Lítils háttar illgresi var þá farið að spretta í beðunum, er fyrst var dreifsett í. Það var í þeim strá og strá af varpasveifgrasi með 2 blöðum.

Eftir tæpan hálfan mánuð frá því úðað var fór illgresið að sölna og eftir 3 vikur var ekki illgresi í dreifsetningunni. Beðin voru vel rök að ofan, begar úðað var. Strax að úðun lokinni var vökvað svolitið með hreinu vatnilúr vökvunarkerfinu. Notað var 250 g af lyfinu á 1.000 m², leyst upp í loo 1 af vatni. Eftir úðun varðvart við fáeinir jurtir af blóðarfa, en annars var ekkest illgresi í beðunum í sumar eða haust, þótt þau væru aldrei reytt.

Hinn 12. júlí var úðaður hluti af lerkibeði í sömu dreifsetningu með jafngóðum árangri. Einnig hluti af birkibeði, er var dreifsett í vor. Jafnstór skammtur var notaður af lyfinu og vökvæð yfir beðið á eftir, heldur meira þó en barrviðarbeðin. Engar skemmdir urðu á birkibeðunum. Þar óx lítils háttar af elftingu í sumar, en annað illgresi varð ekki vart við eftir úðun.

Einnig hinn 12. júlí var úðaður hluti af grenibedeði, er dreifsett var í í fyrra. Töluvert illgresi var í beðinu, begar úðað var, og voru það aðallega grastegundir ýmsar. Grasið var byrjað að mynda óx. Notað var jafnmikið magn af lyfinu og áður var greint. Eftir ~~XXXX~~ hálfa þriðju viku frá úðun var ekki sýnileg breyting á illgresi í beðinu, en eftir 5 vikur var nokkur hluti af því visnaður.

Hinn 14. júlí var úðuð loo m² spilda. Var nýbúið að raka illgresinu, er losað hafði verið rétt áður. Notaður var svipaður skammtur og fyrr. ~~Upplausninni~~ Upplausninni var úðað yfir úr garðkönnu. Moldin var vel rök að ofan, áður en úðað var. Eftir úðun var dreift 4 könum af hreinu vatni á svæðið. Í sumar eða haust óx ekker illgresi í spildunni.

Með svipuðum árangri voru úðaðar reinar í græðireitnum, þar sem gróðursetja á skjólbelti næsta vor og lágu því í tröð í ár.

Hinn 23. júlí voru úðuð leirkibeð, sem dreifsett var í í vor, en voru úðuð með White Spirit 9. júlí. Begar olíunni var úðað, var komið mjög mikið illgresi í beðin. Ríkjandi tegundir voru varpasveifgras, haugarfi og hjartarfi. Haugarfinn, varpasveifgrasið og mikið af hjartarfanum sölnaði við úðunina með olíunni, er var 5 l á loo m². En begar frá leið, var ljóst, að talsvert mikið af rótum var óskemmt, bæði á ~~hjartarfanum~~ hjartarfanum og varpasveifgrasinu. Síðan var úðað - eins og fyrr segir - með zimasini 23. júlí. Úðað var yfir vel rök beðin. Að lokinni var vökvað svolitið með vatnskerfinu. Eftir það voru beðin alveg

illgresislaus, bæði í sumar og haust.

Hinn 23. júlí var einnig úðuð graðplöntudreifsetning frá því í vor. Þar óx nú varpasveifgras með 4 blöðum, húsapuntur hér og þar, dálítið af hjartarfa og nokkrar plöntur af ~~húsapunti~~ blóðarf. Aðrar plöntur en húsapunturinn og blóðarfinn (sem voru þó í miklum minnihluta) visnuðu algerlega við úðunina.

Hinn 15. ágúst voru úðuð stafafurubeð, sem dreifsett var í 7.-lo. sama mánaðar. Ekkert illgresi spratt upp í þeim beðum í sumar eða haust eftir úðunina.

Sama dag voru úðuð 2 lerkibeð, dreifsett í vor. Dálítill hluti annars þeirra var úðaður 12. júlí með góðum árangri, eins og fyrr segir. Talsvert var af grastoppum í beðunum, þegar úðað var, og var illgresið nær eingörðungu varpasveifgras. Notuð voru af zimasininu tæp 300 g á 1.000 m². Þegar hálfur mánuður var liðinn frá úðun, var engin breyting orðin á illgresinu í þessum beðum og óx illgresið allmikið í haust eftir úðun.

Svo kvaþ Páll. Þetta staðreyndatal barfnast ekki skýringa.

7. Sitt af hverju.

Að þessu sinni tókst að halda sig innan ramma settrar rekstursáætlunar græðireitsins. Brúttókostnaður á þeim liðum, sem teljast til reksturs, varð um 361.000 kr., en þar frá dragast umbúðir og flutningar, sem plöntukaupendur hafa sjálfir greitt - 8.500 kr. - og tekjur traktors - 1.620 kr. Verða þá eftir rekstursútgjöld, um 351.500 kr., sem er 10.500 kr. lægra en áætlað var. Þegar þetta er skrifað, hefi ég ekki lagt saman, hve miklu námu tekjur af plöntusölu, sem inn komu hér heima.

Að því er stofnkostnað varðar, má geta þess hér, að fræsta varð að þessu sinni gerð hins mikla skjólbeltis, sem átlunin var að gera utan við Mörkina. Það verður verkefni ársins 1961. Sömu leið fór um þökkunar-skýli. Á öðrum stað verður rætt um byggingar.

V. Gróðursetning.

Eins og gróðursetningartaflan ber með sér, voru gróðursettar í skóginum 33.480 plöntur kommersielt, en 5.235 í lerkisanburðartilraun. Alls ~~38.715~~ 38.715 plöntur. Þetta er rúmlega 11.000 færi plöntur en áætlað var. Stafar það eingöngu af því, að við urðum uppiskroppa með grisjúð svæði. Við höfðum í ákafanum um veturinn ekki gáð að okkur, fyrr en ljóst var, að of langur tími var farinn í að höggva ofan af eldri gróðursetningum.

Tíraunagróðursetningin kostaði um 12.400 kr., en hin um 28.700 kr. - eða kr. 0,86 kr. á plöntu, sem er rúmum lo aurum lægri kostnaður á plöntu en í fyrra. Stafar það m. a. af því, að nú var greiðari gangur en þá að plöntunarsvæðum (að nokkru vegna nýlagðra vega) og líka af því, að ekki var annað eins vafstur við lerkið nú og þá: Minna magn af því, smærri og meðfærilegri plöntur o. fl. - Annars var sama sagan og venjulega með lerkið, að því leyti, að við gátum ekki plantað því nógu snemma. Er ég ákveðinn í að reyna að haga því á annan veg 1961.

Nýstárlegast við plöntun ársins var það, að nú settum við loo broddfurur alveg upp á Dagmálfjall til þess að reyna virkilega bolrifin í þessari harðgerðu tegund.

Því miður hefir mér ekki gefist tími til enn að teikna upp gróðursetningarásumarsins og veit því ekki nákvæmlega um flatarmál þeirra. En ekki mun fjarri lagi að áætla það 7-7,5 ha. Hins vegar mun ég snúa mér að þessu strax og skýrslugerð og reikningavesini er lokið, ef veð-

Gróðursetning á Hallormsstað árið 1960.

| Tegundir og kvæmi | Stórhóll | Stóri-skógar | Mörk-hóll | Dagn.-in fjall | Lýsis-hóll | Ibót Langas. | Néðanv. Partur hvammur | Alls |
|----------------------------|----------|--------------|-----------|----------------|------------|--------------|------------------------|--------|
| Blágreni 2/5, Denver | - | - | - | - | - | - | - | 760 |
| Hvítgreni 2/5, Tok Junktón | - | - | - | - | - | - | - | 450 |
| Greni, ýmsar teg. | - | - | - | - | - | - | - | 150 |
| Rauðgreni 3/4, Drevja. | 2.325 | 2.775 | - | - | - | - | - | 400 |
| " " 3/3, 8 norsk kv. | - | - | - | - | - | - | - | 930 |
| Sitkagreni 2/3, Cordova | - | - | - | - | - | - | - | 3.270 |
| Evrópulerki 2/0, Fossv. | 650 | - | - | - | - | - | - | - |
| Lerkibast., 2/0, Fossv. | 465 | - | - | - | - | - | - | - |
| Lerki, 12 kvæmi. | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Rússalerki 2y2/4, Raivoala | 525 | - | - | - | - | - | - | - |
| " " 2/3, Véisk | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Síberíulerki 2/3, Askiz | - | - | - | - | - | - | - | - |
| " " 2/3, Chebael. | - | - | - | - | - | - | - | - |
| Dahríulerki 2y2/2, Aldan | 8.845 | - | - | - | - | - | - | - |
| " " 2/2, Tommot | 225 | - | - | - | - | - | - | - |
| " " 2/2, Sínsk | 195 | - | - | - | - | - | - | - |
| " " 2/2, Ama ga | 605 | - | - | - | - | - | - | - |
| Broddfura 3/3, Salida | 1.195 | - | - | - | - | - | - | - |
| Lindifura 3/3, Boxbacka | 530 | - | - | - | - | - | - | - |
| Gulfura 3/3, Sapinero | 90 | - | - | - | - | - | - | - |
| Stafafura 3/3, Skagway | 1.260 | - | - | - | - | - | - | - |
| Alls | 16.910 | 2.775 | 150 | 200 | 8.570 | 275 | 5.235 | 4.600 |
| | | | | | | | | 38.715 |

Freist var frá 12000' h.y.s i Old Monarch Pass, Col.

Safnat af Mr. Mr. Walter Pesman, 372, South Humboldt St., Denver
fent til landlærin af Mrs. Joy Coombs, teklas. flugr.

ur og færi verða ekki alltof öndverð.

VI. B y g g i n g a r.

1. Viðhald og endurbætur.

Áförmáð hafði verið að smíða rotþró við verkafólksbústaðinn í Mörkinni. Frá þessu var bó horfið, er til kom, en gerð sәmileg, lokað jarðgryfja til bráðabirgða.

Í þess stað var smíðað allvandað búr, en það hefir alltaf vantað í Mörkinni og valdið matseljunum ótöldum áhyggjum og vandræðum. Búr þetta er sérstakt hús úr timbri, sem reist var við hliðina á íbúðarhúsinu, hið snotrasta að útliti. Það er hólfæð í tvennt og einangrað með Welliti.

Í innra hólfíð létt ég smíða eins konar kæliskáp úr blikki. Er hann með tvöföldum veggjum og rennur í gegnum þá kalt lindarvatn. Það var blikksmiður frá Vélsmiðjunni Odda á Akureyri, sem kom mér til að láta smíða skápinn, en hann kvað þá í Odda hafa smíðað nokkra svona skápa, og hefðu þeir reynzt vel, þar sem ekki væri kostur á að hafa ísskápa. Því miður kom skápurinn ekki í gagnið á þessu sumri, því að hann kom gallaður frá smiðjunni, svo að við urðum að senda hann aftur til lagfæringar.

Búrsmiðin kostaði um 15.000 kr. En eftir er að reka á hana smiðshöggjð með málningu og fleiri endurbótum. Kæliskápurinn kostaði rúmar 3.500 kr.

Í vor keyptum við sumarhús Guðmundar Jóníssonar við Kerlingará. Hús þetta er 21m^2 að flatarmáli og var í vor notað sem svefnskáli ("beitarhús") fyrir piltana okkar. Þarna má gera gott svefnpláss fyrir 8 menn. Er ætlunin strax og hægt er að flytja húsið niður að Mörkinni, og verður þá hægt að innréttu það bokkalega. Guðmundi var að sinni greitt sem svaraði andvirði efnisins, eins og það hefði orðið, ef húsið væri rifið. Þetta voru 12.000 kr. og mega teljast ágæt kaup.

Eins og undanfarin ár, þurfti talsvert að mála inni í húsinu í Mörkinni. Litrur það nú heldur bokkalega út hið innra. En því miður vannst mér ekki tími til að mála húsið utan. En málningin er til frá árinu áður, og má þetta nú ekki dragast lengur en til sumarsins.

Þá voru smíðaðir nýir skápar fyrir leirtau í eldhúsið, þar eð hinir gömlu voru bæði of litlir og illa staðsettir. Kostaði þetta um 2.500 kr.

2. Skógarvarðarbústaður.

Um miðjan júlí var aftur tekið til við smíði skógarvarðarbústaðarins á Akurgerði. Tók Jón S. Einarsson húsamíðameistari í Neskaupstað að sér að ljúka smíðinni. Vannhann að smíðimni, oftast við annan mann og stundum fleiri, meira og minna fram að jólum. Hefir hann leyst verkið af hendi af mikilli vandvirkni og samvizkusemi.

Karl Guðmundsson og Borgbór Jónísson bípulagningarmenn frá Reykjavík lögðu hitalögn seinni hluta júlímaðar. Verk þeirra er miklu betur unnið en tíðkast um hitalagnir hér um slóðir. Er það allra rómur, er þetta hafa skoðað.

Einar Ólason og Björn Björnsson rafvirkjameistarar á Egilsstöðum hafa lagt raflögn, en Gunnar Jónsson mýrari úr Fellum annazt mýrverk. Hér skal ekki talið, hvað gert hefir ~~ev~~við í húsinu. Fljótlegra er

að geta hins, sem eftir er að vinna. Hið helzta er petta:

Klæða einn vegg í stofu og two og hálfan ískála með panel. Pilja forstofu uppi, skrifstofu niðri og tvö íveruherbergi, auk geymslu (útveggir). Ganga frá flestum hurðum. Að nokkru leyti er eftir að festa eldhússinnréttingu. Leggja trégólf í stofu og skála og herbergin í kjallara. Ganga frá stiga milli hæða. Fullgera nokkra fataskápa. Draga vír í raflögn og setja upp rofa og tengla. Mála húsið innan og stein veggi úti. Og svo auðvitað sithvað smávegis.

Við vonumst til að geta lokið megninu af smíðinni á um það bil einum mánuði, svo að tilbúið sé undir málningu. En bess má geta, að málningarvinna í húsinu verður ekki umfangsmikil. Geri ég ráð fyrir að geta framkvæmt talsvert af henni sjálfur.

Pegar betta er ritað, hefi ég ekki tekið saman kostnað á árinu við húsið. En peningar þeir, sem við höfðum til ráða, reyndust því miður langtum of litlir. Hafa því verið tekin bráðabirgðalán í búnaðarbankanum á Egilsstöðum (32.000 kr.) og landsbankanum á Eskifirði (100.000 kr.) auk þess sem 23.000 kr. hafa fengið á árinu úr byggingarsjóði búnaðarbankans í Reykjavík. Eru nú um 20.000 kr. til taks til þess að hefja vinnu aftur við lokasprettinn.

VII. Jarðýtan.

Jarðýtan var réttar 600 klst. í gangi á þessu ári, eða rúnum loo klst. lengur en nokkurt ár, síðan hún kom hingað. Útgjöld hér heima námu um 43.500 kr., auk þess greitt í Reykjavík um 10.000 kr. Hins vegar voru tekjur af leigu ýtunnar hjá öðrum aðilum rúmar 37.000 kr. og í eigin vinnu tópar 37.000 kr., eða alls um 74.000 kr. Rekstursafgangur var því rétt um 20.000 kr., sem var vel þegið upp í öll útgjöldin árið 1959. Í vinnu hjá okkur sjálfum voru ýtunni reiknaðar kr. loo á klst. Dugar það alveg, því að raunverulegur kostnaður á gangtíma á árinu varð um 90 kr., og eru þá teknar með allar viðgerðir á árinu, þótt hinar dýrustu eigi að vara um mörg ár.

Helztu viðgerðir voru þær, að annað olíuverkið var alveg gert í stand hjá Bræðrunum Ormsson, gerður var upp afturöxull og drifhjól til þess að eiga til taks. Þá voru spyrnur af beltunum sendar hinu nýja beltaviðgerðarfyrirtæki á Brúarlandi í Mosfellssveit, en spyrnur þær, sem undir beltunum eru nú, eru ~~xx~~ næstum útslitnar, svo að dregur mjög úr virkni ýtunnar í slæmri jörð. Ég ætlaðist ekki til, að soðið væri á spyrnur þessar fyrr en síðar í veturn og sendi um það boð til verkstæðisins, en af einhverjum sökum hafa þau misfarizt. Fyrir því komu þessi útgjöld - um 10.000 kr. - á árið 1960.

Að næsta ári mun þurfa að endurnýja tengsli vélarinnar alveg. Ennfremur kemur til greina að smíða nýtt hús á ýtuna, þar eð hið gamla er alveg að detta í sundur.

Vafalaust kemur eitthvað fleira upp á. Það virðist tilgangslaust að spá nokkru um gangfærni svona gamalla véla. - En við erum þó sérstaklega heppnir með mann á ýtuna, þar sem er Guðmundur Jónsson, því að hann er svo óvehjulega natinn og hirðusamur um allt, er að vélinni lýtur, og gatir þess vel að ofbjóða henni ekki.

VIII. V e g a g e r ð.

Að vegagerð var unnið miklu minna en skyldi, aðeins fyrir um 12.000 kr. Olli þar mestu, hversu lengi jarðýtan var í útláni, svo og það, að ýtuvinnan í Hádegisfjalli reyndist svo geysilega umfangsmikil og tímafrek. Að öðrum kosti hefði verið unnið talsvert að vegagerð í haust.

I Stórhól og Stóraskógi var ruddur nýr vegur, 1,2 km á lengd í sambandi við gróðursetningu sumarsins.

Pá voru á vegagerð færð kaup á steypurðrum, sem notuð voru í rennur yfir framræsluskurði.

I Atlavík var gert bílastæði fyrir 50 fólksbíla á austurbakka lækjarins, þar sem ræst var fram í fyrra. Einnig var vegurinn niður í Víkina gerður beinn og tvíbreiður. Vegagerð ríkisins bar ofan í betta allt, en eigendur samkomuskálanna í Atlavík báru ~~5x~~ 4/5 hluta kostnaðar við jarðvinnuna á móti okkur. Við þessar framkvæmdir jókst mjög svigrúm á mannamótum í Atlavík og léttir miklu bílapvargi af völlunum á eystri bakka lækjarins.

Vegagerð ríkisins vann að öðru leyti ekkert að vegagerð í skóginum.

IX. F e r ð i r o g l e i ð b e i n i n g a r.

A þessu ~~árinu~~ ári fór ég lítið til leiðbeininga eða ~~skógræktarmannar~~, skóga-könnunar. Ég var svo bundinn við ýmsar þær framkvæmdir, sem lýst hefir verið hér að framan, að ferðalög urðu að sitja á hakanum.

En að venju fór ég nokkrar stuttar ferðir til skógræktarmanna hér á Héraði til leiðbeininga, bótt ekki verði taldar hér.

Nokkrar ferðir fór ég suður í Jórvík í sambandi við girðingaverkið þar. Ennfremur í Eiða í sömu erindum, meðan girðingavinnan stóð yfir þar.

I október sótti ég aðalfund Skógræktrafélags Íslands í Reykjavík.

Að vanda burfti ég svo að fara á Reyðarfjörð og Eskifjörð í fjármálaerindum og innheimtu.

X. S i t t a f h v e r j u.

Ferðafólk og gestir. Ferðafólk var á sumrinu færra en um mörg undanfarin ár. Engu að síður fór mikill tími fyrir mér í að snúast við gesti og sýna þeim um skóginn. Af heimsóknum hópa og einstaklinga, sem sýnt var um skóginn, nefni ég:

- | | |
|-----------|---|
| 23. maí. | Börge Visby-Sörensen, danskur blaðamaður. |
| 14. júní. | Bændaför Austur-Skaftfellinga. |
| 18. " | Bændaför Húnvetninga . |
| " " | Skógræktarstjóri í fylgd með dr. og frú Hesmer frá Bonn. Dvöldu 2 heila daga. |
| 23. " | Skólabörn frá Húsavík. |
| 29. " | Starfsfólk Fiskiðjuvers Sún í Neskaupstað. 60-70 manns. |
| 10. júlí. | Hópur frá Ferðafélagi Íslands undir stjórn Hallgríms Jónassonar kennara. |
| 16. " | Torleiv Skarstad lektor frá Sola í Noregi og Arne Stangeland verzlunarm. frá Stafangri. |
| 21. " | Leikarar úr leikflokki L.R. með Beleríum búbónis. |
| 22. " | Magnús Óskarsson kennari á Hvanneyri með framhaldsdeild skólans. Mjög jákvæð heimsókn. |

5. ágúst. Skógræktarstóri í fylgd með próf. Tíkhómírov frá Leningrad. Aðeins briggja og hálfs tíma stanz.
6. " Starfafólk skógræktarinnar á Vöglum.
22. " Hópferð Kvenfélags Hjaltastaðapингhár.
14. sept. Ambassador Bjarne Börde og frú hans.
20. nóv. Þórarinn Þórarinsson skólastjóri á Eiðum með 3. bekk skólans.

Af starfsmönnum S. r. í Reykjavík dvöldu hér Guðm. Örn Árnason í 19 daga við tilraunir og mælingar í Guttormslundi, og Baldur Þorsteinson í 3 daga á voreftirlitsferð sinni.

Úlfsstaðir. Í maí-mánuði var ákveðið að kaupa hluta af jörðinni Úlfsstöðum í Vallahreppi af Magnúsi Sigurðssyni, sem þá var nýbúinn að kaupa jörðina. Var endanlega samið um kaupin, er skógræktarstjóri var hér í heimsókn í júní. Að síðu hafa endanleg mörk landsspildunnar ekki verið ákveðin, en hún er framhald af landi Skógræktarfélags Austurlands á Eyjólfssstöðum, liggur í gjallshlíðinni á Austur-Völlum inn af því. Tími hefir ei heldurfunnið til að mæla upp stærð landsins, en verður gert svo fljótt sem kostur er. Örugglega má telja mikil happ fyrir skógræktina að fá petta land, sem verður hið ágætasta skóglendi í framtíðinni.

Rafmagn. Í nóvember var hafizt handa um að leggja langþráða háspennulinu frá veitu Rarik á Austur-Völlum hingað í Hallormsstað. Var línan komin hingað uppeftir fyrir jól og þá ekki nema lítið óunnið af verkinu. Verður straumi hleypt á um miðjan janúar. Ekki þarf að orða lengja það, hve mikill léttir betta er fyrir staðarbúa og hve mjög öll starfsskilyrði batna. Á það ekki síður við um Stofnunina en aðra.

Mæling á gróðursetningum. Í febrúar og marz van ég að því að mæla upp allar gróðursetningar hér í skóginum, sem eftir var að mæla, og teikna þær upp. Voru betta gróðursetningar áranna 1955-1959. Ólokið er þó en nákvæmum flatarmálsútreikningi fyrir einstakar trjátegundir.

Kaup á verkfærageymslu. Þar sem búskapur er nú að hætta á vegum húsmæðraskólangs og gamla rafstöðin er þegar niður lögð fyrir meira en húsmæðraskólangs og áfesta verkfærageymslu. Hús betta er með 230 m² gólfleiti. Að síðu mun burfa að gera talsvert við það, en það er hægt að gera í áföngum. Enstrax má hafa mikil not af húsinu og raflína og rafmagnsinnak er fyrir hendi. Að síðu er ósamið um kaupverð ennþá, en engar líkur eru til, að um það geti risið miklir úfar.

Kaupin á þessu húsi munu í einu vettangi gerbreyta til hins betra aðstöðu okkar til geymslu og viðhalds allra véla og verkfæra, en slík aðstaða hefir satt að segja engin verið fram að þessu. Verður vonandi hægt að skýr frá farsælum lyktum þessa máls í næstu skýrslu.

Læt ég að svo skrifuðu lokið þessum annál ársins 1960, sem hefir á margan hátt verið minnisstætt og viðburðaríkt ár í sögu Stofnunarinnar hér.

Hallormsstað 14. janúar 1961